

Borgarráð 14. nóvember: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um skautasvell Nova á Ingólfstorgi MSS24110079

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvort haft hafi verið samráð við íbúa í nærumhverfi Skautasvells Nova þegar gildistíminn var ákveðinn en hann nær frá 14.nóvember 2024 til 5. janúar 2025? Í þessu sambandi er minnt á loforð meirihlutans um að hafa samráð við íbúa þegar um er að ræða mál sem hefur mikil áhrif á lífsgæði íbúa í hverfinu, heimilislíf og líðan.

Greinargerð

Hér er um töluverða framlengingu á þeim tíma sem hingað til hefur verið leyfður. Í leyfisbréfinu kemur hvergi fram við hvaða hávaðamörk í hátalarakerfum er miðað. Hingað til hefur ekki verið nóg að benda á reglugerð um hávaða til að borgin sýni tillit og má segja að hér hafi verið valtað yfir íbúa. Nauðsynlegt er því að hávaðamörk komi skýrt fram í leyfisbréfi. Í gangi hefur verið svokallaður spretthópur, sem reyndar hefur ekki haldið fund í meira en ár. Fulltrúi Flokks fólksins átti sæti í hópnum og minnst þess að ítrekað var rætt um mikilvægi þess að HER setji upp hljóðmæla við Ingólfstorg. Ingólfssvell er handan við hornið, þar sem jólatónlist er leikin utandyra, 10 til 12 tíma daglega, í heilan mánuð. Skautasvellið er góðra gjalda vert, en tónlistarspilun sem fer yfir viðmiðunarmörk Heilbrigðiseftirlitsins (55 dB), brýtur Lögreglusamþykkt, Reglugerð um hávaða, og ákvæði Stjórnarskrár um friðhelgi einkalífs og heimilis. Íbúar á þessu svæði eru illa brenndir af tónlistarhávaða sem berst frá hátölurum götunnar sem truflar heimilisfrið. Tryggja þarf með skýrum hætti að Nova, Reykjavíkurborg og HER upplýsi og undirbúi þau sem stýra jólatónlistarkeyrslu Ingólfssvells og sjái til þess að hljóðstyrkur, sérstaklega bassastilling verði í algjöru lágmarki. Þess utan er ekki hægt að bjóða fólki upp á hávaðasama viðburði við svellið, sem er alls ekki innifalið í rekstrarleyfi Nova við Ingólfssvell, og brýtur í bága við lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar.